



ÁHERSLUVERKEFNI ÁRSINS 2021

Stjórn SSNE ákvað í upphafi febrúar áhersluverkefni ársins 2021 og fjárframlög til þeirra. Um er að ræða 11 mikilvæg og metnaðarfull verkefni sem meðal annars er ætlað er að fylgja eftir áherslum sem lagðar eru á þingum samtakanna. Alls voru 60,7 mkr. úthlutað að þessu sinni og skiptast þær svona:

- Undirbúningur að stofnun Velferðartæknimiðstöðvar - 10.000.000 kr.
- Gerð samgöngustefnu - 7.500.000 kr.
- Millilandaflug frá Akureyri - 5.000.000 kr.
- Norðurslóðamiðstöð Íslands - 14.000.000 kr.
- Nýsköpun á Norðurlandi eystra - 3.000.000 kr.
- Umhverfismál á Norðurlandi eystra - 6.000.000 kr.
- Safnastefna Norðurlands eystra - 3.000.000 kr.
- Listnám á háskólastigi - 3.700.000 kr.
- Ásgarður - skóli í skjúnum - 4.000.000 kr.
- Uppþakturinn - Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna á Norðurlandi eystra - 1.500.000 kr.
- Þáttagerð og miðlun upplýsinga - 3.000.000 kr.

Nánar verður fjallað um hvert og eitt verkefni á [heimasíðu SSNE](#). Bygðastofnun hefur lagt verkefnið fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins sem tekur endanlega ákörðun.

ATVINNUMÁL KVENNA

Sjóðurinn Atvinnumál kvenna var með umsóknarfrest til og með 1. mars. Líflégt var hjá ráðgjöfum SSNE í aðdraganda frestsins og er ljóst að þónokkrar umsóknir muni fara í þennan sjóð af svæðinu.

Atvinnumál kvenna er sjóður sem var settur á sínum tíma á laggirnar til að efla konur í atvinnulífi en ljóst er að konur hafa enn í dag ekki sama aðgengi að fjármagni né fjárfestum og karlmenn og mikilvægt að styðja við þær í að koma sínum hugmyndum af stað og í vinnslu.

Einnig hefur lýðfræði dreifðari byggða verið að sýna að konur eru að flytja í þéttbýli og því mikilvægt að skapa atvinnuumhverfi sem hentar þeim og þar eru fjölbreytni og störf sem krefjast menntunar lykilatriði.

Konum í atvinnulífi og rekstri fer sífellt fjölgandi og sýna rannsóknir að kynjajafnvægi er eitt af því sem horfa þarf til í framþróun svæða.



UMSÓKNARFRESTIR STYRKJA

Opið er fyrir umsóknir í eftirfarandi sjóði:

- **Nora** - Verkefnastyrkir v/samstarfsverkefna Íslands, Grænlands, Færeyja og Noregs - Opið til **8. mars** 2021
- **Lóa** - nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina - Opið til **9. mars** 2021

Tækniþróunarsjóður:

Sproti - Fyrirtækjastyrkir Tækniþróunarsjóðs - Opið til 15. mars 2021
 Vöxtur - Fyrirtækjastyrkir Tækniþróunarsjóðs - Opið til 15. mars 2021
 Sprettur - Fyrirtækjastyrkir Tækniþróunarsjóðs - Opið til 15. mars 2021
 Fræ/Þróunarfræ - Fyrirtækjastyrkur - Opið fyrir umsóknir allt árið. Fyrsta úthlutun er tekin fyrir í apríl.

Við minnum á að hægt er að bóka ráðgjöf hjá SSNE varðandi umsóknir á ssne@ssne.is

BIZMENTOR

Bizmentors módelið var sett af stað í Galway á Írlandi árið 2012 til að vinna gegn neikvæðri samfélagsþróun sem fólst í miklu atvinnuleysi og einnig var samfélagið að berjast við aðrar afleiðingar fjármálahrunsins.

SCCUL sem er samfélagsþróunarmiðstöð í Galway hleypti verkefninu af stað og eru þátttakendur ánægðir með afraksturinn. Bizmentors felst í að para fólk úr atvinnulífnum (mentora) og frumkvöðla eða aðra sem vilja þróa eitthvað innan fyrirtækis hjá sér á markvissan og skipulagðan hátt. Árið 2018 fengu fjögur lönd; Írland, Norður-Írland, Finnland og Ísland, stóran styrk úr Norðurslóðaáætluninni til að útfæra módelið í viðkomandi löndum og þróa vefvang til að gera módelið sjálfbært. Á Íslandi fara með verkefnastjórnun Embla Eir Oddsdóttir hjá Norðurslóðaneti Íslands og Silja Jóhannesdóttir hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. Verkefnið er til þriggja ára.

Í síðustu vikunni í febrúar var farið af stað með vefvanginn í prófun eftir margra mánaða þróun og þýðingarvinnu. Nú eru mentorar og frumkvöðlar að parast í gegnum hann og eru verkefnastjórar í öllum löndum að fylgjast með og fá endurgjöf á það sem betur má fara áður en vefvangurinn verður formlega opinn öllum.



Á myndinni má sjá verkefnastjóra allra landanna í heimsókn við Hof á Akureyri

VIÐTAL VIÐ STYRKÞEGA UPPBYGGINGARSJÓÐS

Original North - Camp Boutique er lítið fjölskyldu fyrirtæki sem staðsett er á Vaði í Þingeyjarsveit en það eru hjónin Sigrún Vésteinsdóttir og Sigurður Birkir Sigurðsson sem eru eigendur fyrirtækisins. Starfsmaður SSNE tók viðtal við Sigrúnu á dögnum, en verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra árið 2019.

Tíðar heimsóknir erlendra gesta kveikjan á hugmyndinni

„Það hafði lengi blundað sú hugmynd hjá okkur hjónum að búa til einhverskonar ferðapjónustu á staðnum. Ástæðan var sú að við höfðum í nokkur skipti fengið erlenda gesti í heimsókn og voru þeir yfirleitt alveg heillaðir af svæðinu. Þessi hugmynd tók því að þróast og var ákveðið að við færum í samvinnu við Camp Boutique og myndum setja upp lúxustjaldgistingu á Norðurlandi líkt og er á Loftstöðum í Flóahreppi“, segir Sigrún Vésteinsdóttir, eigandi Original North.

Að sögn Sigrúnar hefur svæðið upp á ýmislegt að bjóða og staðsetningin er á margan hátt einsstök en tjöldin, sem eru sérstaklega hönnuð fyrir íslenskar aðstæður, eru staðsett rétt við bakka Skjálfandafjöts. Rétt sunnan við tjöldin er svo náttúruþerlan Fossselsskógur, ásamt eyjunum Þingey og Skuldaþingsey sem voru sögufrægir þingstaðir til forna og Ullarfossi. Original North er hluti af Demantshringnum og er því stutt í margar af helstu náttúruþerlum svæðisins. „Við teljum að nú, sem aldrei fyrr, kunni fólk að meta náttúruna og það sem hún hefur upp á að bjóða. Það er eins og að fólk sé farið að skynja í auknum mæli þörfina fyrir því að tengjast náttúrunni með einhverjum hætti“, segir Sigrún.

Bjartsýn fyrir komandi sumri

„Síðastliðið sumar var annað sumarið okkar með tjöldin og vissum við því ekkert á hverju við ættum von á“. Aðspurð segir Sigrún heldur betur hafa ræst úr sumrinu 2020 þar sem Íslendingar tóku þeim afar vel og voru duglegir að bóka bæði tjaldgistingu og hjólaferðir. Að sögn Sigrúnar voru íslenskir ferðamenn til fyrirmyndar í alla staði og voru spenntir og ánægðir að prófa þennan óhæfubundna gistingualeika á bökkum Skjálfandafjöts. „Við vonum að komandi sumar verði heldur betra en það síðasta og að með haustinu verðum við farin að sjá þó nokkra aukningu á erlendum ferðamönnum. Við erum því bara nokkuð bjartsýn fyrir komandi sumri og hausti“, segir Sigrún að lokum.

Hægt er að finna frekari fréttir af Original North - Camp Boutique [HÉR](#).



Myndir: Sigrún Vésteinsdóttir:




FRUMKVÖÐLAR Á HÚSAVÍK - HÚSAVÍK ÖL

Frumkvöðlar sem elta drauma sína, undirbúa verkefnið vel og láta svo hendur standa fram úr ermum eru í sérstöku uppáhaldi hjá okkur í SSNE. Þorsteinn Snævar Benediktsson er einn þeirra. Hann er stofnandi og aðaleigandi Húsavík Öl sem hann hefur nú starfrækt í tvö ár. Það var strax á menntaskólaárunum sem áhuginn kviknaði og aldrei kom annað til greina en að ölgerðin væri staðsett á Húsavík og verða þannig fyrsta brugghúsið í Þingeyjarsýslu. Hann undirbjó verkefnið vel, nam fræðin í Bretlandi og útskrifaðist frá Brewlab í Sunderland sem er samvinnuverkefni brugghúsa og háskólanna í Sunderland og Newcastle í Englandi.

Starfsemin fór vel af stað og naut verkefnið styrks úr Uppbyggingarsjóði á sínum tíma. „Ég fékk líka mjög góða aðstoð hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Ari Páll og Reinhard reyndust mér gífurlega vel við að koma þessu af stað“, segir Þorsteinn Snævar.

Hjá Húsavík Öl er einnig starfrækt ölstofa eða gestastofa, sem nýtur mikilla vinsælda bæði meðal heimamanna og ferðalanga á Húsavík. Þar má finna og smakka allar helstu afurðir brugghússins sem eru aðallega klassískir belgískir bjórar. Kornid kemur aðallega frá Þýskalandi og Englandi og humlarnir frá Ameríku, Ástralíu og Tékklandi. Þess má einnig geta að Þorsteinn er þátttakandi í Bizmentor verkefni SSNE sem fjallað er um í þessu tölublaði.

Heimsækið Húsavík Öl á Facebook hér þar sem hægt er að sjá upplýsingar um opnunartíma.



Myndir: Instagram @husavikol

ENDURSKOÐUN Á MENNINGARSTEFNU ÍSLANDS

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun menningarstefnu Íslands en núverandi stefna var samþykkt árið 2013. Það var í fyrsta skipti sem ríkið samþykkti sérstaka stefnu á sviði lista og menningarstarfs. Vinnan við endurskoðunina hefur farið fram í samstarfi við fjölda hagsmunaaðila menningar og lista og á ráðstefnunni Menningarlandið árið 2018 var einmitt unnið að drögum að endurskoðun.

Nú hefur þráðurinn verið tekinn upp að nýju og mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að fullmóta drög að nýrri stefnu. Markmiðið með endurskoðuninni er m.a. að efla menningu og styrkja stefnumótun í menningarmálum ríkisins. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar menningarstofnana ríkisins og fulltrúar listgreina og fagfélaga og sérfræðingar ráðuneytisins.

Þórgnýr Dýrfjörð forstöðumaður Akureyrarstofu á sæti í starfshópnum og ef fólk í menningarstarfi á svæðinu hefur áhuga á að koma ábendingum eða hugmyndum á framfæri þá er hægt að hafa samband við hann í netfangið thorgnyr@akureyri.is en drögin munu svo fara í samráðsferli þar sem öllum mun gefast kostur á að segja skoðun sína.

VINNUSTOFA SENZA

SSNE í samstarfi við Senza ráðgjöf hefur sett upp vinnustofu vegna umsóknarskrifa og er áherslan aðallega á sjóði Rannís í þessari vinnustofu. Í Sóknaráætlun er eitt af markmiðunum í Atvinnu og nýsköpun að auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar til landshlutans um 40% og er þetta liður í að reyna að mæta því markmiði.

Vinnustofan er einnig liður í verkefninu Nýsköpun sem stjórn SSNE veitti hluta af áhersluþeningum landshlutans í á dögunum en verkefnið var mótað með því augnamiði að mæta markmiðum Sóknaráætlunar.

Nokkur fjöldi hefur skráð sig á vinnustofuna en ráðgjafi Senza hefur margra ára reynslu af því að sækja um í sjóði Rannís og fengið þaðan styrki. Von verkefnisstjóra SSNE er að stuðningur líkt og þessi verði til þess að fleiri verkefni á Norðausturlandi hljóti styrki og efla þannig nýsköpunarumhverfið á svæðinu.

SSNE heldur saman tölum um hversu mikið af styrkjafjármagni kemur inn á svæðið. Stefnt er að því að halda svipaða vinnustofu aftur þegar Rannís auglýsir aftur umsóknarfresti í haust.

Sjá nánar um vinnustofuna á heimasíðu SSNE

TILLAGA TIL AÐ RÉTTA HLUT LANDS-BYGGÐARINNAR Í STJÓRNUM OG RÁÐUM HINS OPINBERA

Stjórn SSNE samþykkti á fundi sínum 10. febrúar eftirfarandi tillögu að aðgerð í Byggaáætlun.

„Almennt verði gert ráð fyrir því að, að minnsta kosti, þriðjungur einstaklinga sem tilnefndir eru í stjórnir, ráð og starfshópa á vegum ríkisins séu búsettir utan höfuðborgarsvæðisins“.

Nauðsyn þessarar bókonar kom berlega í ljós þegar skipað var nýverið í stjórn Fiskeldissjóðs sem mun úthluta 113 mkr. á árinu en í þeirri stjórn eru 3 aðalmenn og 3 varamenn sem allir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (þar sem ekkert sjókvíaldi er).

Sjá nánar í frétt á heimasíðu SSNE.

ÍBÚAKÖNNUN LANDSHLUTANNA 2020

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Norðurlandi eystra: samantekt helstu niðurstaðna

Niðurstöður nýrrar könnunar landshlutasamtaka sveitarfélaga hefur nú verið birt. Könnunin var gerð meðal íbúa landsins og spurt var út í búsetuskilyrði, hamingju og viðhorfi til síns sveitarfélags. Að könnuninni stóðu landshlutasamtök sveitarfélaga ásamt Byggingastofnun og var hún gerð á íslensku, ensku og pólsku og framkvæmd í september og október síðastliðnum. Íbúasvæði Norðurlands eystra voru þrjú í könnuninni, þ.e. Akureyri, Eyjafjörður (öll sveitarfélög utan Akureyrar) og Þingeyjarsýsla. Heildarfjöldi svara á Norðurlandi eystra var 1.673 en þetta var í fyrsta skipti sem Norðausturland tekur þátt í þessari könnun sem síðast var gerð árið 2017.

Viðhorf til sveitarfélags

Í samanburði við önnur landsvæði eru Akureyringar og Eyfirðingar meðal þeirra jákvæðustu í viðhorfi til síns sveitarfélags en Þingeyjarsýsla í neðri hluta þess lista.

Búsetuskilyrði

Íbúar Akureyrar og við Eyjafjörð komu, ásamt höfuðborgarbúum, best út á landinu þegar spurt var um afþreyingu og raunar eru Akureyringar ánægðastir allra í könnuninni með almenningssamgöngur, framhaldsskóla, háskóla, íbúðir, leiguíbúðir, menningu, sorpmál, umhverfismál og vegakerfi. Þeir eru að auki meðal þeirra jákvæðustu í samanburðinum hvað varðar vöruverð og vöruúrval, unglingsstarf, nettengingar, mannlíf, íþróttir, framfærslu, farsíma og atvinnuúrval. Akureyringar eru óánægðastir allra með loftgæði, borið saman við önnur landsvæði.

Ásýnd fær góða einkunn íbúa allra búsetusvæðanna þriggja á Norðurlandi eystra. Eyfirðingar eru einnig ánægðari en Akureyringar með leikskólaþjónustu. Fólk í sveitunum, bæði við Eyjafjörð og í Þingeyjarsýslum, er ánægðara með nettengingar en íbúar þéttbýlisstaðanna. Þingeyingar og Eyfirðingar gefa skipulagsmálum einnig hærra einkunn en Akureyringar, sem og umferð en raunar gefa Þingeyingar umferðaröryggi fjórðu hæstu einkunnina þegar umsagnir um það atriði eru bornar saman yfir landið. Þingeyingar eru einnig ánægðari en Eyfirðingar með vegakerfið en í samanburði við önnur landsvæði eru þeir óánægðastir allra með unglingsstarf.

Í heildarstigagjöf fyrir landsvæðin 25 og þau 40 búsetuskilyrði sem spurt var um voru Akureyringar í 2. sæti, Eyfirðingar í 3. sæti og Þingeyingar í 13. sæti.

Könnunin fór fram í september og október 2020 en umsjón yfir skipulagi, framkvæmd og framsetningu niðurstaðna höfðu þau Vífill Karlsson, ráðgjafi SSV og dósent við HA og Helga María Pétursdóttir, ráðgjafi SSNE. Hægt er að nálgast frekari niðurstöður könnunarinnar [HÉR](#).



FRÉTTIR AF STÖRFUM ÓHÁÐ STAÐSETNINGU

Okkur þykja það gleðitíðindi að stofnanir og fyrirtæki séu í auknum mæli að sjá möguleika þess sem felst í störfum óháð staðsetningu. Í febrúar birtum við á heimasíðu okkar fregnir þess efnis að [Persónuvernd auglýsti](#) nýverið tvær lausar stöður til umsóknar hjá stofnuninni á nýrri starfsstöð hennar á Húsavík. Þá [auglýsti Samband íslenskra sveitarfélaga eftir tveimur verkefnastjórnum](#) til starfa í nýtt stafrænt teymi og [stöðu forvarnafulltrúa](#) með möguleika á starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins. Að auki er [fyrirhuguð opnun starfsstöðvar Ríkisendurskoðunar á Akureyri](#) þar sem áform eru um að færa ákveðin verkefni fyrir landið allt, sem eingöngu eru unnin rafrænt, til Akureyrar.

Í kjölfar málþingsins "Fólk færir störf" sem haldið var í lok janúar kom fyrirsögn frá mannauðsstjóra fyrirtækis á svæðinu sem leitar upplýsinga um fyrirtæki eða stofnanir sem markað hafa sérstaka stefnu í sínum mannauðsmálum um störf óháð staðsetningu og auglýsum við hér með eftir aðilum sem geta deilt með okkur slíkri stefnumótunarvinnu. Vinsamlegast sendið ábendingar á rebekka@ssne.is

KYNNINGAR Á FYRIRTÆKJUM Í NORÐURÞINGI

[Norðurþing](#) er víðfeðmt og fjölbreytt sveitarfélag en austursvæðið frá Kelduhverfi til Raufarhafnar er skilgreint sem [brothætt svæði](#) samkvæmt skilgreiningu Byggingastofnunar. Verkefnunum "Öxarfjörður í sókn" og "Raufarhöfn og framtíðin" er formlega lokið, en í framhaldi þess er Norðurþing nú með starfsmenn á svæðinu sem gegna því hlutverki að efla atvinnu- og samfélagsmál á svæðinu. Verkefnastjórnarnir halda úti skemmtilegri [Facebooksíðu](#) þar sem áhugaverð fyrirtæki og verkefni eru kynnt næstu vikur og mánuði og hvetjum við lesendur til að fylgjast með þar.

Nýverið hafa eftirfarandi verkefni og fyrirtæki verið kynnt og er von á fleiri spennandi kynningum á næstunni:

- GPG á Raufarhöfn
- Mórúnir, ullarlitunarfyrirtæki í Lóni í Kelduhverfi
- Sléttusveppir á Raufarhöfn
- Heimöx, handverksmarkaður í Ásbyrgi
- Mosabotnar, ullarvinnsla í Gilhaga í Öxarfirði
- ofl.

<https://www.facebook.com/atvinnuogssamfelagsmal>

RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR

SSNE hefur gengið til samninga við Taktikal sem bjóða heildstæðar lausnir fyrir rafrænar undirskriftir og munu samtökin nú leitast við að ganga frá öllum sínum samningum á rafrænan hátt.

Nú standa yfir undirritanir samninga vegna allra verkefna sem hlutu styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og þótt það verkefni sé bara tæplega hálfnað er ljóst að samtökin hafa sparað sér mikla vinnu og kostnað um leið og kolefnisspor samtakanna lækkar. Á mælaborði Taktikal má sjá að minnkað kolefnisspor samtakanna vegna rafrænna undirritanna í stað gamla máttans eru 354,1 kg og alls hafa 2.788 km sparast í akstri. Ótaldir eru þá klukkutímarnir sem annars færu í að ganga frá pappírundirritun allra 85 styrkþeganna en yfir 50% af undirrituðum samningum voru frágengnir og undirritaðir af báðum aðilum **innan 1klst** frá því að samningurinn var sendur af stað!

Rafrænar undirskriftir eru mikilvægur þáttur í að auka umhverfisvitund starfsmanna, minnka kolefnisspor samtakanna og leggja okkar lóð á vogarskálur þeirra umhverfismarkmiða sem við svo ötullega vinnum að.

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Febrúarmánuður var viðburðaríkur í starfsemi okkar. Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs og ákvörðun um áhersluverkefni SSNE eru stórir viðburðir sem eru táknrænir fyrir þá miklu grósku, kraft og hugmyndaauðgi sem hér blómstrar. Það verður áhugavert að fylgjast með framvindu þessara spennandi verkefna.

SSNE hélt starfsdag í mánuðinum þar sem unnið var með margvísleg verkefni sem snúa að innra starfi. Meðal annars ræddum við um skilvirk teymi, hvernig skilvirk teymi virka og hver einkenni óskilvirkra teyma eru. Við gerðum einnig margþætta könnun innan hópsins okkar á því hversu skilvirk við erum sem teymi en þannig fáum mat á stöðunni hjá okkur og getum í framhaldi af því sammælst um leiðir til að styrkja okkur sem teymi og gert aðgerðaáætlun til að ná því marki.

Stjórn SSNE átti fund með þingmönnum kjördæmisins 8. febrúar í kjördæmaviku þingsins. Farið var vítt og breitt yfir það sem efst er á baugi hjá landshlutasamtökunum og einnig var athygli vakin á ýmsum áskorunum sem blasa við. Voru þingmenn hvattir til að beita kröftum sínum í lausn þeirra. Ítrekaðar voru óskir um aukið og virkt samtal á milli þingmanna kjördæmisins og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga og hefðum við gjarnan kosið að fá meiri og jákvæðari undirtektir af hálfu þingmanna.

Í lok febrúar hélt SSNE fund með bæjar- og sveitarstjórum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga eins og við gerum nú orðið ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Á fundinum fór Vífill Karlsson yfir niðurstöður íbúakönnunar sem nánar er fjallað um hér í fréttabréfinu.

Unnið er að því að endurskoða Sóknaráætlun Norðurlands eystra í samræmi við umræður og ákvörðun á ársþingi 2020 með það að markmiði að einfalda hana og gera markvissari ásamt því að gera tillögu að aðgerðaáætlun til að framfylgja Sóknaráætlun. Tillögur að endurbættri Sóknaráætlun ásamt tillögu að aðgerðaáætlun verða lagðar fram á ársþingi SSNE í apríl.

Nú er að hefjast undirbúningur að gerð grænbókar um samgönguáætlun og hefur Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskað eftir fulltingi SSNE til að koma á fundum í landshlutanum og kalla að borðinu þá aðila sem mest geta lagt inn í þá vinnu. Það eru því næg og krefjandi verkefni á borði okkar sem og við fögnum því að fá þessi hlutverk.

Með kærri kveðju,

Eyþór Björnsson
Framkvæmdarstjóri SSNE

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari Páll eru þar mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00 en til kl. 14:00 á föstudögum í kjölfar styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1.janúar 2021. Silja er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan miðvikudag og fimmtudag í hverjum mánuði. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku þegar Covid leyfir.

Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hvernar viku.

Akureyri - Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar mán-fim á milli klukkan 9:00 og 15:00 og fös til kl. 14:00.

Bakkafjörður - Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er breytileg.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).